

LÖGMANNABLAÐIÐ

3. árg.

Mai

2 / 1997

Að liggja óbættur hjá garði

Af Merði lögmanni

Um gagnrýni á dómstóla

Aðalfundur L.M.F.Í. 1997

Viðhorfskönnun meðal lögmannna

Dómaumfjöllun: Atvinnurekstrarhugtakið

Úrskurðir Matsnefndar eignarnámsbóta á netinu

Víxlspor í rétta átt?

Nýtt rit: Dómar um fasteignakaup

Álitsgerðir og úrskurðir stjórnar L.M.F.Í.

Minnisvarði við Breiðabólstað

*Að liggja
óbættur hjá
garði*

Bls. 3

*Um
gagnrýni
á dómstóla*

Bls. 5

*Atvinnu-
rekstrar-
hugtakið*

Bls. 9

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Ástráður Haraldsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Jón G. Briem, hrl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

Löggiltir skjalapýðendur og dómtúlkar

Bogi Arnar Finnbogason

Pýðingapjónusta Boga Arnars

löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur úr og á ensku.

Skjalapýðingar og almennar pýðingar á íslensku úr ensku, dönsku, sænsku, norsku, þýsku, frönsku og ítölsku, svo og almennar pýðingar á ensku úr ofangreindum málum.

Engjaseli 43
109 Reykjavík
sími: 587 3690
fax: 587 3691
netfang: bogiarnar@centrum.is

Lars H. Andersen

Pýðingar og túlkun

löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur úr og á dönsku.

Almennar pýðingar á íslensku úr dönsku, norsku, sænsku og ensku, svo og á dönsku úr íslensku og ensku.

Póstbólf 181
300 Akranesi
sími: 431 4539
fax: 431 4239
netfang: lars@aknet.is
<http://www.aknet.is/~lars>

Lög • reglugerðir • stefnur • dómar • opinber skjöl • löggerningar • félagasamþykktir • alþjóðasamþykktir • samningar • greinargerðir • matsgerðir • ársskýrslur • ársreikningar • einkaleyfisumsóknir • afsöl • vottorð • vitnaleiðslur • yfirheyrslur • skírteini • kannanir • dómtúlkun • ráðstefnutúlkun • fræðilegar ritgerðir • sjúkraskýrslur.

Pýðingar afbentar á pappír, faxi, disklingi eða í tölvupósti.


Sigurmar K. Albertsson, brl.

Að liggja óbættur hjá garði

Í 38. gr. codex ethicus fyrir Lögmannafélag Íslands segir: „Lögmaður má auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum. Óheimilt er lögmanni að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og afla sér viðskipta með öðrum aðferðum sem sama marki eru brenndar.“

Það er sjaldgæft að lögmenn gangi lengra í auglýsingum en að koma nafninu í símaskrána og nánast hafa þeir gengið lengst með því að tilkynna að þeir taki að sér „alhliða“ lögfræðipjónustu, hvað svo sem það nú þýðir.

Engin sjónarmið hafa í sjálfu sér heyrst um að þessu purfi að breyta þannig að lögmenn geti haft sína kynningarstarfsemi eins og þeim sýnist best sjálfum. Það er því efallaust langt í að lögmenn nýti sér að fullu auglýsingataekni nútímans til að auglýsa eigið ágæti eitt og sér.



Sigurmar K. Albertsson, brl.

Hins vegar hafa þær raddir a.m.k. í mínu umhverfi orðið æ háværari að Lögmannafélagið eigi að auglýsa lögmannastéttina í heild og hvetja með einum eða öðrum hætti þá sem á þurfa að halda til að nýta sér menntun og reynslu lögmanna.

Því er ekki að leynd að þessi umræða kemur oftast upp í tengslum við bótauppgjör og samskipti lögmanna við tryggingafélagin. Forspilið að þessum umræðum er alltaf það sama, þ.e.a.s. stríðið endalæsa við að ná fram fullnægjandi bótum fyrir skjólstæðingana gegn tilheyrandi mótþróa tryggingafélaganna.

Ekki þarf að lesa marga skaðabótadóma úr dómasafni Hæstaréttar til að skilja við hvað er átt. Í tilbúnu dæmi, nokkuð ýktu, lítur þetta þannig út að tryggingafélagið býður tónþola hálf milljón í bætur, tónþoliinn fer til lögmanns og tilboðið hoppar upp í áttahundrað þúsund.

Því er hafnað og málinu stefnt og enn hækkar tilboð tryggingafélagsins í tólfhundrað þúsund og ef enn er móast við kemur á endanum dómur upp á tvær milljónir. Þá vaknar spurningin um hve margir tónþolar leita lögmannaástoðar, hve stórt hlutfall þeirra gerir það ekki og er þaðan komið tilefni fyrirsagnarinnar.

Á L.M.F.Í. að reyna að ná til þessa fólks og þá hvernig? Á að auglýsa í fjölmiðlum, prenta auglýsingabæklinga og dreifa þeim á slysadeildirnar o.s.frv., o.s.frv.? Í þessu sambandi þarf einnig að velja því fyrir sér hvort þannig sé verið að brjóta siðfræðileg prinsipp og vert að hafa það í huga að hlutverk lögmanna er ekki að beinlínis hvetja til málaferla.

En það er óþarfi að hugsa á þeirri línu. Það ætti að vera tryggingafélagum til hagsbóta að sem flestir tónþolar leituðu til lögmanna, en þannig ætti allri tortrygging og hugsanlegum eftirmálum að vera eytt.

Til þess að framansagt misskiljist ekki er ekki verið að halda því fram að tryggingafélag séu almennt að klekja á viðskiptavinum sínum og auðvitað er raunin sú að flest tjónauppgjör fara fram með friðsamlegum og eðlilegum hætti. Reynslan sýnir þó að við tjónauppgjör er í mörgum tilvikum þörf á gagnrýnni athugun fyrir tónþolann. Hvort þær athuganir leiða til frekari afskipta lögmanna eða ekki skiptir ekki höfudmáli heldur vissan fyrir tónþolann að allt sé með felldu og rétt að hlutum staðið.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér fleiri tilvik þar sem eðlilegt er að Lögmannafélagið hvetji fólk til að leita til lögmanna. Allir starfandi lögmenn kannast við manninn, sem hefur gengið frá fasteignakaupum, lagt í þau aleiguna og skuldbundið sig fjárhagslega til langrar framtíðar. Þá fyrst kemur hann á lögmansstofuna með alla pappíra undirritaða og spyr hvort ekki sé allt í finu lagi. Oftast er það svo en stundum alls ekki.

Á Lögmannafélagið með auglýsingum að hvetja fólk sem stendur í fasteignaviðskiptum til þess að láta lögmenn líta yfir skjölin og fá ráð? Það kostar svo sem ekki nema klukkustundarviðtal.

Önnur svið lögfræðinnar er hægt að nefna, en líklega er of langt gengið að hvetja þá sem eru í giftingarhugleiðingum að fara fyrst til lögmanns til að skoða þörfina á kaupmála áður en klerkurinn tekur við og sjálfsagt líka of langt gengið að fá leyfi tölvunefndar til að senda öllum sem verða 67 ára hvatningu um að nú sé rétti tíminn til að ganga frá erfðaskránni.

En að lokum skal spurningin þó endurtekin: Á Lögmannafélagið að auglýsa þjónustu lögmanna?

Lögmannafélag Íslands

Allfamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfi@tv.is

Stjórn L.M.F.Í.

Sigurmar K. Albertsson, hrl.,
formaður
Jakob R. Möller, hrl.,
varaformaður
Kristinn Bjarnason, hdl.,
ritari
Kristín Briem, hdl.,
gjaldkeri
Sigurbjörn Magnússon, hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,
framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Bláðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölvublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:
Öflun ehf., sími 561-4440

LÖGMENNIN hugið að!

GETUM BODIÐ YKKUR UPP Á DIKTAFÓNA, T.D. TIL VIÐTALSUPPTÖKU Á BÆÐI STÓRAR OG LITLAR KASSETTUR. EINNIG VIÐBÓTARBÚNAÐ TIL SÍMTALSUPPTÖKU

Nýtt

ÞRÁÐLAUSIR GSM TITRARAR
Í STAÐ HRJINGINGAR,
TILVALIÐ A MEÐAN
FUNDUR STENDUR YFIR



Komið og gerið
raunhæfan samanburð á
GSM SÍMUM

Símabær

ÁRMÚLA 32 · SÍMI 588 3840 · FAX 588 3839

Fagleg ráðgjöf og lipur þjónusta · Við erum staðsett gegnt Pósti og síma í Ármúlanum

GSM AUKAHLUTIR
BÍLAFESTINGAR, TÖSKUR,
HLEÐSLUSNÚRUR 12V.
OG AUKARAFHLÖÐUR

Létt Verk Auglýsingastofa

Af Merði lögmanni

Mörður yrði seint talinn til hinna róttæku í skoðunum, hvort sem átt er við stjórnmal eða almenn lífsviðhorf. Það róttækasta sem hann gerði á hipparunum var að mæta bindislaus í tíma í stjórnarfarsrétti. Árið var 1967 og þótti óskaplega vogað að gera svona á þessum tíma og vakti Mörður óskipta aðlaun skólasystkina sinna.

Eftir þetta varð Mörður með

fjálslegri mönnum í klæðaburði og einkennisfötin urðu gjarnan gallabuxur og leðurjakki. Bindí var ekki notað enda ljóst að slíkt fyrirbrigði hafði verið fundið upp af einhverjum undarlegum sjálfspyndingarexpertum. Það kom svo að því í réttarhaldi í Héraðsdómi Reykjavíkur sem boðað hafði verið til með sæmilegum fyrirvara að dómari, sem var með þeim eldri og virðulegri, horfði lengi og stíft á Mörð og spurði svo hvort hann væri að fara í eða koma úr tjaldbúðarferðalagi, en Mörður var þá í sínu venjulega uniformi gallabuxum, leðurjakka og að sjálfsgöðu bindislaus.

Merði kom spurningin á óvart og sagði að hvorugt væri og var þá aftur spurt hvort hann héldi að Héraðsdómi Reykjavíkur hafi verið breytt í herðómstól og hvort ekki væri réttara að þinga í tjaldi miðað við klæðaburðinn á lögmanninum. Spurningin kom illa við Mörð því að í sömu viku hafði birst mynd af mannþröng fyrir utan Kaupping h.f. þar sem enn höfðu beðið um nótt í tjöldum eftir að fá tækifæri til að kaupa hlutabréf í „Grútarbræðslu Nonna og Gumma hf.“ en þeir félagar höfðu þá ákveðið að fara á opna tilboðsmarkaðinn með nokkur bréf. Mörður var sá eini sem þekktist vel á myndinni.

Dómari minnti svo

Mörð á nýjar þingreglur Héraðsdómsins og bað um virðulegri klæðnað og sérstaklega hálstau, en Mörður áttaði sig ekki á því fyrr en síðar af hverju dómari var sífellt að draga fæturnar undir dómara-stólinn eins og hann hefði fengið hastarlegt fótarmein, en staðreyndin var sú, að dómari hafði gleymt að fara úr inniskónum og í jóla-skóna, en inniskóafótamennt í dómstólum hafði þá líka verið bannað.

Mörður tók þessum ábendingum vel og fór ævinlega í betri fötin við réttarhöld og á nú eitt fallegasta og fjölbreyttasta slaufusafn landsins. Þá tók hann því fagnandi þegar L.M.F.I. skaffaði skikkjur í héraðsdómstólana. Að vísu komu strax upp vandamál, en Mörður hafði vaxið talsvert frá hipparunum af vísu og vextir og aðallega því síðarnefnda og gat orðið svolítið önuget að fá XL stærð sérstaklega ef lögmennirnir Blausen hrl. og Clöndal hrl. voru komnir á undan honum! Hann tók því til þess bragðs að koma með fínu silkiskikkjunna sína úr Hæstarétti í stað þess að vera í einhverjum bleðli, eins og hann væri kominn í vesti utan yfir jakkann, eða hann hefði í nostalgíukasti tekið upp á því að fara í gamla matrósajakkan sinn.

Er nú samdóma álit dómara og kollega að ekki gangi glæsilegri lögmaður um sali héraðsdómstólanna.

Ástráður Haraldsson, hrl.

Um gagnrýni á dómstóla

Það er auðvitað óþarft í félagsblaði Lögmannafélagsins að fara yfir það hversu mikilvægu hlutverki dómstólarnir gegna sem þjóðfélagsstofnanir. Á sama hátt og á við um aðrar þjóðfélagsstofnanir verða dómstólarnir að njóta almennrar viðurkenningar og virðingar ef einhver von á að vera til þess að þjóðin taki mark á þeim og hafi trú á því að þjóðfélaginu sé stýrt af sanngirni og réttlæti. Það að þjóðfélaginu sé raunverulega stýrt af sanngirni og réttlæti er auðvitað mikilvægt en hitt er að sumu leyti enn mikilvægara, að þjóðinni finnist að þetta sé svona.

Mikilvægasta forsenda þess að þjóðfélagsstofnanirnar njóti virðingar er sú að þær starfi þannig að veiki virðingu, þ.e. að þær njóti verðskuldaðrar virðingar. Á þessu hefur því miður alltof oft verið misbrestur. Sérstaklega hefur undirrituðum fundist að stjórnvöldin hafi á köflum farið heldur frjállega með heimildir sínar og jafnvel gengið þannig fram að þau hafa ruglað þjóðina í ríminu varðandi það hvað sé eðlilegt og hvað ekki. Þegar stjórnvöld standa sig ekki betur en raun ber vitni hér á landi reynir enn meira en ella á dómstólana. Þeir eru síðasti varnaglinn sem verður að halda þegar aðrar þjóðfélagsstofnanir bregðast.

Eins og í öðrum mannanna verkum verða stundum mistök við dómstörfin, líka í Hæstarétti. Manni var að vísu kennt að svona mætti maður ekki segja, að Hæstiréttur geri ekki mistök. Ef að manni þætti dómur skrytinn þá væri það vegna þess að manni skorti skilning á hinum hárfinni hliðum lögfræðinnar. Þó að þann skilning skorti vissulega hjá okkur mörgum þá



Ástráður Haraldsson, hrl.

verðum við samt að horfast í augu við að hitt kemur líka fyrir, Hæstiréttur gerir mistök.

En hvað ef það kemur fyrir? Á maður þá að skeiða fram á ritvöllinn í vísu og mogga og ausa úr sér um það hversu vitlaus einhver dómur er? Ég held ekki. Ég held að

...við megum ekki detta í þann pytt að fara að flytja okkar mál í stórum stíl í fjölmiðlum...

vísu að sama hvað við lögmenn gerum þá muni fjölmiðlar alltaf að einhverju leyti halda uppi umfjöllun og gagnrýni á dómstóla og um það er ekkert nema gott að segja en við lögmenn höfum ekki svona frjálssar hendur.

Ég held sumsé að við lögmenn, sem hluti réttarkerfisins, höfum sérstökum skyldum að gegna varðandi umfjöllun um dómsmál. Vegna þessa held ég að við verðum að einskorða okkar umfjöllun við fræðilega hlið mála eftir því sem við höfum burði til og setja gagnrýni okkar á einstaka dóma fram með fræðilegum hætti. Með þessu er ég ekki að segja að slík gagnrýni verði eingöngu sett fram í fræðiritum, síður en svo. Slík gagnrýni er oft sett fram á vandaðan hátt í dagblöðum.

Sjaldgæft er á hinn bóginn að sú

gagnrýni sem menn setja fram á niðurstöður í sínum eigin málum fullnægi eðlilegum fræðilegum kröfum. Ég held að við megum ekki detta í þann pytt að fara að flytja okkar mál í stórum stíl í fjölmiðlum, a.m.k. ekki eftir að dómur er genginn á lokadómstigi.


Þaðan af síður er það okkur sæmami að senda erindi til dómstólanna sem jafnvel berast fjölmiðlum áður en dómstóllinn sjálfur hefur fengið erindið, en þetta hefur þó borið við.

Ef við berum okkur þannig að, að við flytjum málin í fjölmiðlum, efnun til málflyttings á þeim vettvangi, þá erum við að grafa undan valdi og virðingu þeirra dómstóla sem þrátt fyrir sína galla eru það skásta sem við höfum.

Sú gagnrýni, sem þannig er sett fram, hversu réttmæt sem hún er, hefur líka tilhneigingu til að vera grunn og samhengislaus. Lögfræðin er enda yfirleitt ekki svo einföld að það sé hægt að treysta því að tæmandi röksemdafærsla verði sett fram í tveggja mínútna sjónvarpsviðtali.

Umræða um það hvernig lögmenn umgangast fjölmiðla í tengslum við dómsmál eða önnur lögfræðileg úrlausnarefni er raunar löngu tímabær og hefur verið vanrækt. Þetta leiðir til þess að menn eru oft alls ekki klárir á því hvað gengur og hvað ekki.

Besta dæmið um þetta sem ég man eftir í bili er þegar sérstaki saksóknari og talsmaður mannsins sem hafði sett fram kröfu um endurupptöku máls síns komu saman í sjónvarpssal til að flytja málið. Og það áður en Hæstiréttur var búinn að fjalla um endurupptökuna. Svona geta menn verið ringlaðir og óvissir um það hvað er í lagi í þessum efnun og hvað ekki.



Fyrir hornið á framtíðinni

Tíminn er afstæður þegar bækur eru annars vegar. Sumar verða sígildar á meðan aðrar rykfalla í gleymsku. Þekkingarleitinn hefst hjá okkur í nútíma bókaverslun með fjölbreytt úrval fræðibóka, handbóka og tímarita. Auk þess er sérþöntunarþjónusta okkar í tengslum við yfir 5.000 bókaforlög víðs vegar um heiminn. Þú getur pantað bækur í verslun okkar, eða beint af heimasíðunni

<http://www.centrum.is/unibooks/>

bóksala stúdenta

Við Hringbraut • 101 Rvk.
Sími 561-5961 Fax 562-0256
<http://www.centrum.is/unibooks/>

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 1997

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands var haldinn föstudaginn 7. mars s.l. Fundarstjóri var kosinn Ásgeir Thoroddsen, hrl. og fundarritari Sveinn Guðmundsson, hdl. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Í upphafi fundar minntist Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., formaður L.M.F.Í., þeirra félagsmanna, sem látist höfðu á starfsárinu, Baldvins Jónssonar, hrl., Braga Björnssonar, hdl., Egils Sigurgeirssonar, hrl., Högna Jónssonar, hdl. og Porvaldar Ara Arasonar, hrl.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og vísaði m.a. í prentaða árskýrslu, sem send hafði verið félagsmönnum fyrir fundinn. Formaðurinn gerði að umtalsefni frumvarp til laga um lögmenn og taldi það vera málefni líðandi stundar, sem varðaði lögmenn mestu. Skiptar skoðanir væru um ýmis atriði í því frumvarpi, sem dómsmálaráðherra hefði lagt fram á Alþingi. Þess vegna hefði stjórn L.M.F.Í. gripið til þess ráðs að skipa sérstaka nefnd fimm lögmanna, sem falið var það verkefni að semja drög að frumvarpi til laga um lögmenn, sem leggja mætti fram til mótvægis við frumvarp ráðherra. Nefndin hefði lokið störfum síðast liðið haust og voru frumvarpsdrögin send félagsmönnum til kynningar.

Formaðurinn fjallaði um viðhorfskönnun, sem gerð var meðal lögmanna. Samkvæmt henni töldu 90% lögmanna rétt að eftirlits- og agavald yrði innan félagsins og stéttarinnar. Ennfremur vildi mikill meirihluti hafa skylduáðild að L.M.F.Í. Að mati formannsins væri stjórnin komin með umboð til að kynna frumvarpsdrögin og hefðu þau verið send dómsmálaráðherra, formönnum allra þingflokka, for-

manni allsherjarnefndar og þeim, sem allsherjarnefnd hefði sent lögmannafrumvarpið til umsagnar.

Formaðurinn gerði að umtalsefni öflun málflyttingsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands. M. a. kom fram að tveir stjórnarmanna hefðu átt fund með forseta Hæstaréttar til að ræða þetta málefni. Þá hefði verið sent bréf til réttarins í byrjun þessa árs, þar sem farið var fram á að teknar yrðu upp viðræður félagsins og réttarins um setningu reglna um öflun málflyttingsréttindanna.

Framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir ársreikningum þess fyrir árið 1996, en reikningarnir fylgdu hinni prentuðu árskýrslu stjórnarinnar. Töluverður halli var á rekstrinum og var gerð grein fyrir helstu skýringum hans. Meðal annars voru gjaldfærðir tveir allhár útgjaldaliðir, sem ekki verða gjaldfærðir aftur. Þá var töluvert afskrifað af útistandandi félagsgjöldum, afskriftir eigna (skrifstofuhúsnæði og sumarhús) hafa hækkað nokkuð frá síðustu árum og fjármagnstekjur hafa lækkað. Áfram væri unnið að hagræðingu í rekstri til að ná jafnvægi í honum.

Í umræðum um ársskýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins var m.a. rætt um ákvarðanir dómstóla um málskostnað í gjafsóknarmálum og opinberum málum. Haraldur Blöndal, hrl., gerð að umtalsefni skikkjur málflytjenda við héraðsdómstólana og benti m.a. á að menn í hans stærðarflokki þyrftu alvöru stærðir. Skikkjurnar sem til væru, litu út eins og vesti á honum. Jakob R. Möller, hrl., kvað þá hugmynd hafa komið upp að leggja sérstakan þungaskatt á lögmenn til að fjármagna skikkjukaup og leysa þannig vandræði þungavigtarmanna í stéttinni í þeim málum.

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., gaf ekki kost á sér aftur við kosningu formanns. Í hennar stað var

Sigurmar K. Albertsson, hrl., kosinn formaður L.M.F.Í. næsta starfsárið. Auk hans voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára þeir Kristinn Bjarnason, hdl. og Sigurbjörn Magnússon, hrl. Einnig sitja í stjórninni Jakob R. Möller, hrl. og Kristín Briem, hdl.

Undir liðnum önnur mál gerði nýkjörinn formaður, Sigurmar K. Albertsson, grein fyrir viðhorfskönnun meðal lögmanna, sérstaklega að því er varðaði þær spurningar er lutu að ýmsum þáttum í starfsemi félagsins. Þá voru lagðar fram tvær tillögur fyrir fundinn, sem báðar fjölluðu um öflun málflyttingsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands. Var ein tillagan á þá leið að fundurinn skoraði á stjórn L.M.F.Í. að beita sér fyrir því að frumvarpi til laga um lögmenn yrði breytt þannig að afnumin yrði skipting lögmanna í héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn og að lögmansréttindi tækju til málflyttings fyrir báðum dómstigum. Einnig var gerð tillaga um að fela stjórninni að beita sér því að settar yrðu almennar og hlutlægar reglur um öflun málflyttingsréttinda fyrir Hæstarétti. Töluverðar umræður um þessar tillögur og um málefnið almennt. Að lokum var samþykkt tillaga frá stjórn félagsins um að vísa framkomnum tillögum um öflun málflyttingsréttinda fyrir Hæstarétti til almenns félagsfundar, sem haldinn yrði fljótlega.

Nýkjörin stjórn L.M.F.Í. skipti með sér verkum á fyrsta fundi hennar eftir aðalfund, þannig:

Sigurmar K. Albertsson, hrl., formaður,
Jakob R. Möller, hrl., varaformaður,
Kristinn Bjarnason, hdl., ritari,
Kristín Briem, hdl., gjaldkeri,
Sigurbjörn Magnússon, hrl., meðstjórnandi.

MM

Viðhorfskönnun meðal lögmannanna

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins var gerð grein fyrir niðurstöðum í viðhorfskönnun meðal lögmanna um þær spurningar er lutu að umdeildum atriðum í frumvarpi til laga um lögmenn, sem nýlega var kynnt á Alþingi. Í könnuninni var jafnframt spurt um afstöðu lögmanna til ýmissa þátta í starfsemi félagsins. Er í þessum hluta yfirlits um viðhorfskönnunina gerð grein fyrir afstöðu lögmanna til þeirra atriða, sem þar var spurt um.

Almennt um fyrirkomulag á starfsemi L.M.F.Í.

Spurt var um það hvort menn væru fylgjandi því eða andvígir að fyrirkomulagið á starfsemi félagsins yrði í meginatriðum óbreytt frá því sem verið hefur.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Fylgjandi	143	63,6	67,8
Hlutlaus	38	16,9	18,0
Andvíg(ur)	30	13,3	14,2
Svarar ekki	14	6,2	-
Alls	225	100%	100%

Rekstur sumarhúsa L.M.F.Í.

Spurt var um það hvort félagið ætti að leggja meiri, svipaða eða minni áherslu en verið hefur á rekstur sumarhúsa eða hætta starfsemi.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Meiri áherslu	16	7,1	7,9
Svipaða áherslu	107	47,6	52,7
Minni áherslu	28	12,4	13,8
Hætta starfsemi	52	23,1	25,6
Svarar ekki	8	3,6	-
Veit ekki	14	6,2	-
Alls	225	100%	100%

Útgáfa Lögmannablaðsins

Leitað var eftir afstöðu manna til þess hvort leggja ætti meiri, svipaða eða minni áherslu en verið hefur á útgáfu Lögmannablaðsins eða hætta starfsemi.

Lögmannablaðið

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Meiri áherslu	64	28,4	30,2
Svipaða áherslu	135	60,0	63,7
Minni áherslu	6	2,7	2,8
Hætta starfsemi	7	3,1	3,3
Svarar ekki	8	3,6	-
Veit ekki	5	2,2	-
Alls	225	100%	100%

Fræðslustarf á vegum L.M.F.Í.

Spurt var um hvort mönnum finndist félagið eiga að leggja meiri, svipaða eða minni áherslu en verið hefur á fræðslustarfið eða hætta þeirri starfsemi.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Meiri áherslu	100	44,4	47,6
Svipaða áherslu	107	47,6	51,0
Hætta starfsemi	3	1,3	1,4
Svarar ekki	10	4,4	-
Veit ekki	5	2,2	-
Alls	225	100%	100%

Rekstur bókasafns L.M.F.Í.

Spurt var um hvort félagið ætti að leggja meiri, svipaða eða minni áherslu en verið hefur á rekstur bókasafnsins eða hætta starfsemi.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Meiri áherslu	75	33,3	36,4
Svipaða áherslu	123	54,7	59,7
Minni áherslu	5	2,2	2,4
Hætta starfsemi	3	1,3	1,5
Svarar ekki	10	4,4	-
Veit ekki	9	4,0	-
Alls	225	100%	100%

Starfræksla Lögmannavaktarinnar

Spurt var um hvort menn væru hlynntir því eða andvígir að félagið héldi áfram starfrækslu Lögmannavaktarinnar.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Hlynnt(ur)	127	56,4	58,0
Hlutlaus	66	29,3	30,1

Andvíg(ur)	26	11,6	11,9
Svarar ekki	3	1,3	-
Veit ekki	3	1,3	-
Alls	225	100%	100%

Umsagnir laganevndar

Spurt var um það hvort mönnum þætti það æskilegt eða óæskilegt að laganevnd L.M.F.Í. tæki að sér að veita umsagnir um lagafrumvörp.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Æskilegt	190	84,4	87,2
Hlutlaus	17	7,6	7,8
Óæskilegt	11	4,9	5,0
Svarar ekki	5	2,2	-
Neitar	1	0,4	-
Veit ekki	1	0,4	-
Alls	225	100%	100%

LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dóm-skjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

Skjót og vönduð vinnubrögð.

ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík
Sími: 562-6588
Bréfsími: 562-6551

Ellen Ingvadóttir
löggiltur dómtúlkur og
skjalapýðandi

Erlent samstarf

Um samskipti við erlend lögmannafélög og samtök lögmannafélaga var spurt í þrennu lagi. Í fyrsta lagi um samskipti L.M.F.Í. við lögmannafélög á Norðurlöndunum, í öðru lagi um samskipti L.M.F.Í. við CCBE (ráð lögmannafélaga í Evrópubandalaginu) og loks um tengsl félagsins við alþjóðasamtök lögmannafélaga (International Bar Association).

1. Norrænt samstarf.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Hlynt(ur)	186	82,7	88,6
Hlutlaus	20	8,9	9,5
Andvíg(ur)	4	1,8	1,9
Svarar ekki	4	1,8	-
Veit ekki	11	4,9	-
Alls	225	100%	100%

2. CCBE.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Hlynt(ur)	132	58,7	65,3
Hlutlaus	57	25,3	28,2
Andvíg(ur)	13	5,8	6,4
Svarar ekki	6	2,7	-
Veit ekki	17	7,6	-
Alls	225	100%	100%

3. IBA.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall af þeim sem svara
Hlynt(ur)	127	56,4	61,7
Hlutlaus	61	27,1	29,6
Andvíg(ur)	18	8,0	8,7
Svarar ekki	4	1,8	-
Veit ekki	15	6,7	-
Alls	225	100%	100%

Eins og getið var um í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins var það mat félagsvísindastofnunar H.Í., sem annaðist úrvinnslu svara í viðhorfskönnuninni, að niðurstöðurnar ættu að gefa hugmynd um afstöðu lögmannanna yfirleitt. Rétt tæplega 50% þeirra, sem fengu spurningalistann (allir félagsmenn, 465 talsins), sendu inn svör. Að mati félagsvísindastofnunar virtist ekki ástæða til að ætla að kerfisbundin skekkja væri í svörum, þar sem spurningalistinn var lagður fyrir alla félagsmenn L.M.F.Í.

Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur.

Atvinnurekstrarhugtakið

Héraðsdómsmálið E-4877/1996: Sr. Valgeir Ástráðsson gegn íslenska ríkinu

A undanförunum mánuðum hafa fallið nokkrir at-
hyglisverðir dómur í skattamálum, sem líklegt er að geti verið fordæmisskapandi í skattaframkvæmd í framtíðinni. Einn slíkur dómur féll nýlega í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli, sem höfðað var af Sr. Valgeiri Ástráðssyni, sóknarpresti í Seljasókn, Reykjavík, gegn íslenska ríkinu, til ógildingar á endurákvörðun skattstjórans í Reykjavík í desember 1995 á sköttum hans gjaldárin 1993, 1994 og 1995, þar sem því var m.a. slegið föstu að laun fyrir aukaverk hans á umræddum árum teldust til tekna sem launatekjur.

Séra Valgeir krafðist viðurkenningar á því að umræddar greiðslur væru atvinnurekstrartekjur eins og þær höfðu verið taldar fram, þannig að frá tekjunum væri heimilt að draga þann kostnað, sem á árinu gengi til að afla þeirra, halda þeim við og tryggja. Er skemmst frá því að segja að sr. Valgeir vann málið og er niðurstaða þess afar at-
hyglisverð frá skattaréttarlegu sjónarmiði, þar sem í því reynir á mörkin milli launþega- og atvinnurekstrarhugtaksins og möguleika einstakra manna, sem óvefengjanlega eru launþegar, til að telja fram hluta af tekjum sínum, sem uppruna eiga í vinnunni, sem atvinnurekstrartekjur. Ætla ég lítillga að fjalla um vandamál þetta í þessari umsögn.

Hugtakið launþegi og endurgjald fyrir vinnu

Með hugtakinu launþegi er venjulega átt við mann, sem ráðinn er til starfa hjá öðrum aðila gegn endurgjaldi. Í skattarétti hefur al-



Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur.

mennt verið litið svo á að hvers konar endurgjald, sem manni hlotnast í vinnu fyrir annan aðila, teljist til tekna sem laun og gildir einu máli með hvaða hætti launin eru greidd eða hver innir þau af hendi. Á reglu þess stöð í 1. tl. 1. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

Hugtakið atvinnurekstur, þ. á m. sjálfstæð starfsemi

Hugtakið atvinnurekstur er hvergi skilgreint í skattalögum. Almennt mun þó vera átt við sjálfstæða starfsemi með vissu umfangi, sem innt er af hendi með reglubundnum hætti í ekki mjög skamman tíma í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði.

... er það álit dómsins að telja beri aukastörf þessi til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi...

Sjálfstæðisskilyrðinu er að jafnaði fullnægt ef atvinnureksturinn er stundaður af félagi, en þegar um menn er að ræða er átt við að þeir séu óháðir öðrum um framkvæmd vinnu sinnar og beri fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd hennar og árangri. Með umfangi atvinnurekstrarins er fyrst og fremst átt við hina ytri umgerð starfsmennar, en regluleikinn vísar aðallega til tíðni viðskipta aðila. Síðast en ekki síst

verður atvinnureksturinn að vera stundaður í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði. Aðalatriðið er því tilgangurinn með rekstrinum.

Aukatekjur presta

Prestar þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn og þiggja þeir laun úr ríkissjóði fyrir störf sín. Auk fastra launa og hugsanlegrar yfirvinnu hefur þeim verið greitt fyrir aukastörf eins og skírtnir, fermingar, giftingar og jarðarfari af þeim, sem viðkomandi þjónustu nýtur. Byggist greiðslan á sérstakri gjaldskrá, settri af dómsmálaráðuneytinu á grundvelli laga nr. 46/1907, um laun sóknarpresta og laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra. Gjaldárin 1993-1995 hafði sr. Valgeir verulegar tekjur af aukaverkum þessum og kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þær séu tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi og rökstyður það með vísan til eftirfarandi forsendna:

Með því að greiða sérstaklega fyrir aukaverk presta sé í raun viðurkennt að þau falli utan við hin reglulegu störf þeirra. Greiðsla fyrir einstök aukaverk byggist á einkaréttarlegum samningi prests og viðkomandi sóknarbarns, sem prestur ráði sjálfur hvort hann innheimti eða ekki og beri hann því sjálfur áhættu og ábyrgð á greiðslu þeirra. Í sókn stefnanda séu 9000 manns og séu tekjur af aukaverkum bæði reglulegar og umfangsmiklar. Starfsskyldur presta eru að ýmsu leyti mjög sérstakar og þótt þeir hafi fengið greiddan embættiskostnað sinn, sem litið hefur verið á sem endurgreiðslu á útlögðum kostnaði í framkvæmd, hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til kostnaðar vegna starfrækslu prestsemb-

ætta, einkum í hinum stærri sókn-um. Hafi stefnandi því orðið fyrir útgjöldum umfram tekjur og því varði það hann miklu að á tekjur af aukaverkum sé litið sem atvinnurekstrartekjur. Þá ber til þess að líta að þjónusta presta og útfararstofnana sé gagnert undanþegin virðisaukaskattsskyldu og bendi það til þess að litið hafi verið á starfsemi þeirra sem atvinnurekstur í reynd. Um langt árabíl hafi aukatekjur presta auk þess verið skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur og verði ekki séð að nokkrar breytingar hafi orðið á skattalögjöfnum, sem gefi tilefni til breytinga á því nú. Síðan segir orðrétt:

„Þegar allt framangreint er virt og þá sérstaklega, að umvædd aukastörf stefnanda falla utan þeirra verkefna, sem hann þiggur föst laun fyrir hjá stefnda, að þau eru umtalsverð og reglubundin, sem og tekjur af þeim, og að stefnandi ber sjálfur ábættu af því hvort hann fái greitt endurgjald fyrir þau, er það álit dómsins að telja beri aukastörf þessi til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi stefnanda í skilningi B-liðar laga nr. 75/1981, sem skattleggja beri í samræmi við það“

Mín skoðun

Ég verð að viðurkenna að ég á svoltið erfitt með að átta mig á því hvernig það fái staðist, að skírni, fermingar, giftingar og greftranir séu ekki hluti af reglulegum og venjulegum störfum presta. Gengur ekki prestskapurinn einmitt út á það að þjóna sóknarbornunum í blíðu og stríðu, frá vöggu til grafar. Því síður skil ég hvernig það fái breytt þeirri niðurstöðu þótt greitt sé fyrir umrædd störf sérstaklega eða hver innir greiðslurnar af hendi. Hins vegar má fallast á það að greiðslur fyrir aukastörf sr. Valgeirs séu umfangsmiklar og störf fari fram með reglubundnum hætti. En er hann sjálfstæður varðandi framkvæmd þeirra? Ræður hann t.d. fyrir hverja hann vinnur, hvar hann innir störfin af hendi, hvenær hann gerir það og fyrir hvaða verð?

Þessu svarar dómurinn þannig, að aukagreiðslur presta byggist á einkaréttarlegum samningum milli prests og viðkomandi sóknarborns

Dómurinn slær því föstu að greiðslur fyrir aukaverk presta séu ekki laun.

og ráði prestur hvort hann innheimtir gjaldið eða ekki. Má deila um það hvort þetta sé fullnægjandi viðmið. Einnig má spyrja: hvað með hina ytri umgerð atvinnurekstursins? Leggur viðkomandi prestur sér til eigin starfsstöð sjálfur? Ef ekki, greiðir hann þá leigu fyrir afnot þeirra starfsstöðva þar sem aukaverkin eru framkvæmd, o.s.frv.?

Ekkert kemur fram um þetta í dómnum. Hinn efnislegi grundvöllur hans er því veikur, enda virðist það fyrst og fremst hafa vakað fyrir dómurinum að finna einhvers konar sanngirnlausn. Þannig er alkunna að lækna í op-

...er eini möguleikinn sá að skattleggja þær sem tekjur af tómsundastarfi viðkomandi prests.

inberri þjónustu geta verið bæði launþegar og atvinnurekendur þegar þeir framkvæma störf sín á sjúkrahúsi og/eða heilsugæslustöð. Það sama gildir um dýralækna. Hvers vegna þá ekki prestar líka? Þá er dómurinn einnig áminning um það hversu náíð samband er á milli kjarasamninga og launatekju-skattsins. Vissir hópar launþega, eins og prestar, hafa óumdeilalega meiri kostnað af öflun launatekna sinna en aðrir, og ef ekki er tekið tillit til þess við lagasetningu eða -framkvæmd er viðbúið að það leiti útrásar með einhverjum öðrum hætti.

Afleiðingar dómsins


Dómurinn slær því föstu að greiðslur fyrir aukaverk presta séu ekki laun. Hins vegar er ekki unnt að draga af honum þá ályktun, að þær teljist ávallt atvinnurekstrartekjur, þar sem dómurinn fjallar í raun aðeins um greiðslur fyrir aukaverk prests í sókn með 9000 sóknarbornum. Er því ekki sjálfgefið að greiðslur fyrir aukaverk prests í sókn með færri sóknarbornum séu atvinnurekstrartekjur heldur verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af umfangi starfseminnar. Teljist greiðslurnar ekki laun og ekki atvinnurekstrartekjur, af því að aukaverkin ná ekki tilskildu umfangi, hvernig ber þá að skattleggja þær? Svartið kann að láta undarlega í eyrum en samkvæmt gildandi skattalögum er eini möguleikinn sá að skattleggja þær sem tekjur af tómsundastarfi viðkomandi prests.

Í skattframkvæmd hefur ríkt nokkur óvissa um það hvernig skattleggja beri slíkar tómsundatekjur. Þannig hafa skattyfirvöld nánast undantekningarlaust skattlagt þær sem hreinar tekjur af atvinnurekstri, sem þýðir að viðkomandi hefur þurft að greiða tryggingagjald af þeim. Sé umfang aukastarfanna hins vegar svo lítið, að ekki teljist vera um atvinnurekstur að ræða, er sú skattlagning hins vegar röng. Ég hef því talið að í því tilviki eigi að telja tekjurnar fram sem aðrar tekjur samkvæmt 9. t. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Það hefur hins vegar þær afleiðingar, að í þeim tilvikum þegar um samskattað fólk eins og hjón er að ræða, skattleggjast tekjurnar hjá þeim makanum sem hærri hefur launatekjur eða skyldar tekjur. Gæti því komið upp sú staða að aukatekjur prests í hjónabandi væru skattlagðar hjá þeim makanum, sem ekki aflaði þeirra og þyrfti sá aðili ekki að vera prestur. Er hætt við að einhverjum kynni að finnast það einkennileg niðurstaða. Þetta er þó ekkert einsdæmi heldur gildir almennt um fólk, sem eins stendur á um.

Helgi Jóhannesson, brl., formaður Matsnefndar eignarnámsbóta.

Úrskurðir Matsnefndar eignarnámsbóta á netinu

Matsnefnd eignarnámsbóta starfar skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Tilgangur nefndarinnar er, eins og fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laganna, að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.



Helgi Jóhannesson, brl.

Á þeim u.p.b. 24 árum sem Matsnefnd eignarnámsbóta hefur starfað hafa verið kveðnir upp nálægt 200 úrskurðir í nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar varða ýmis ólík réttindi, sem metin hafa verið til fjár vegna eignarnáms, svo sem landsréttindi, efnistökuréttindi, veiðiréttindi, fasteignaréttindi o.fl.

Í 18. gr. laga nr. 11/1973 kemur fram að formaður matsnefndar varðveiti matsúrskurði og sjái um útgáfu þeirra eða útdráttu úr þeim. Skemmst er frá því að segja að slíki útgáfu hefur, þar til nú, ekki verið hrundið af stað, þrátt fyrir ofangreint lagaákvæði.

Útgáfa á veraldarvefnum.


Nú hefur hin nýja tækni á sviði

tölvumála, veraldarvefurinn („internetið“), gert útgáfu úrskurða Matsnefndar eignarnámsbóta mögulega með mun minni tilkostnaði en áður þekktist. Með samvinnu matsnefndarinnar, dómsmálaráðuneytisins og Úrlausnar-Aðgengis ehf. eru úrskurðirnir nú birtir á veraldarvefnum sem hluti af „Réttaríki“ Úrlausnar-Aðgengis ehf.

Verkið var þannig unnið að allir úrskurðir nefndarinnar, sem ekki voru til á tölvutækt formi, þ.e. úrskurðir frá árinu 1973 til 1988, voru settir í tölvutækt form. Þá var útbúin atriðisorðaskrá fyrir hvern úrskurð og sá Heimir Már Herbertson, laganemi, um það verk. Auk atriðisorðaskrárinnar er í útgáfunni orðaleitarkerfi, þannig að öll leit í

kerfinu er mjög auðveld og aðgengileg.

Framvegis verða nýjir úrskurðir nefndarinnar settir strax inn á netið þannig að þeir sem aðgang hafa að „Réttaríkinu“ eiga alltaf að hafa aðgang að öllum úrskurðum nefndarinnar. Vafalaust er að útgáfa úrskurðanna getur komið lögmonnum í góðar þarfir við undirbúning mála, bæði fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta og almennum dómstólum.



Parftu að endurnýja?

Tíminn er afstæður þegar bækur eru annars vegar. Sumar verða sígildar á meðan aðrar rykfalla í gleymsku. Þekkingarleitinn hefst hjá okkur í nútíma bókaforlögum með fjölbreytt úrval fræðibóka, handbóka og tímarita. Auk þess er sérpöntunarþjónusta okkar í tengslum við yfir 5.000 bókaforlög víðs vegar um heiminn. Þú getur pantað bækur í verslun okkar, eða beint af heimasíðunni

<http://www.centrum.is/unibooks>

bóksala stúdenta

Við Hringbraut • 101 Rvk.
Sími 561-5961 Fax 562-0256
<http://www.centrum.is/unibooks/>

Úr siðareglum L.M.F.Í.

10. gr.

Lögmaður skal ætíð gefa skjólstæðingi hlutlaust álit á málum hans, gera honum grein fyrir áætluðum verkkostnaði og öðrum málskostnaði eftir föngum, og vekja athygli hans, ef ætla má að kostnaður verði hár að tiltölu við þá hagsmuni, sem í húfi eru.

Lögmanni ber að leita samþykkis skjólstæðings, ef fela þarf mál hans öðrum lögmanni.

Sama gildir að jafnaði, ef leita þarf annarrar sérfræðiaðstoðar, svo sem mats- eða skoðunarmanna, ef verulegur kostnaður er því samfara.

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3600.-	tvö bindi
1946 ljp	800.-	1990	4500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8800.-	fjögur bindi
1971	500.-			

50% afsláttur til laganema

Erlendar ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum

26.-27. maí 1997: **Infrastructure Projects**, í Eilat í Ísrael, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

29.-31. maí 1997: **Arbitration in Maritime and Transport Disputes**, haldið í Hamborg á vegum IBA (Section on Business Law), Verslunarráðs Hamborgar o.fl.

2. júní 1997: **State Aid under Community Law (with a particular view to environmental protection)**, haldið í Helsinki á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

5.-6. júní 1997: **New European Contract Law and Consumer Protection**, haldið í Brussel á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

9.-11. júní 1997: **Worldwide Reorganisation and Restructuring**, haldið í New York, á vegum IBA (Section on Business Law - Insolvency and Creditor's Rights Committee) og American Bankruptcy Institute.


10. júní 1997: **Managing the Antitrust Risks of Multinational Distribution**, haldið í New York á vegum IBA (Section on Business Law - Antitrust and Trade Law Committee) og American Bar Association (Section of Antitrust Law).

11.-13. júní 1997: **Nor-Shipping Conference '97**, haldið í Osló á vegum Lloyd's of London Press Ltd.

11.-13. júní 1997: **IBA 50 ára Ráðstefna** haldin í New York. Á ráðstefnunni verður fjallað um eftirtalin efni: **The Global Capital Market: What Next? - World Communications: Where is Technology Leading us? - Challenges Facing Resource**

Development - The Legal Profession and Human Rights.

16.-20. júní 1997: **English for Lawyers - Intensive English language training programmes for international lawyers**, haldið í London á vegum Institute of Advanced Legal Studies.



19.-20. júní 1997: **Understanding Rights and Liabilities under Contemporary Bills of Lading**, haldið í London á vegum IBC UK Conferences Ltd. og Maritime Affairs Group.

30. júní - 4. júlí 1997: **American Law and Language Seminar**, haldið í New York á vegum American Language in Context.

30. júní - 11. júlí 1997: **Introduction to Legal English**, haldið í The George Washington University Law School, á vegum The International Law Institute.

13.-18. júlí 1997: **International Environmental Law**, haldið í Reading á Englandi á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

13.-25. júlí 1997: **The Shipping Law Summer School**, haldið á Stakis Avisford Park Hotel nærri Arundel, West Sussex, á vegum Lloyd's of London Press.

13. júlí - 9. ágúst 1997: **Orienta-**

tion in USA Law, á vegum University of California, Davis.

14.-25. júlí 1997: **The American Legal System**, á vegum University of California, Riverside.

14. júlí - 8. ágúst 1997: **Orientation in the US Legal System**, haldið í The George Washington University Law School, á vegum The International Law Institute.

15.-19. júlí 1997: **English Language for Lawyers**, í Reading á Englandi, á vegum The Study Group for International Commercial Contracts.

10.-23. ágúst 1997: **Advanced USA Law - Structuring an International Joint Venture**, á vegum University of California, Davis.

24.-28. nóvember 1997: **English for Lawyers - Intensive English language training programmes for international lawyers**, haldið í London á vegum Institute of Advanced Legal Studies.

24.-28. nóvember 1997: **American Law and Language Seminar**, haldið í New York á vegum American Language in Context.

Einnig hafa borist bæklingar frá **University of Wisconsin** og **Franklin Pierce Law Center** um lengri námskeið og framhaldsnám í lögum í Bandaríkjunum. Þá er á skrifstofunni bæklingur frá **Europäische Rechtsakademie Trier**, en á vegum akademíunnar er boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða og ráðstefna í Evrópurétti, sem haldin eru víðs vegar í Evrópu. Kennir er á einu eða fleirum tungumálum, með eða án túlkunar.

Ljósrit kynningarbæklinga er hægt að fá á skrifstofu L.M.F.I.

Dómar um fasteignakaup

eftir Viðar Mát Matthíasson

Út er komið hjá Bókaútgáfu Orators ritið „Dómar um fasteignakaup“ eftir Viðar Mát Matthíasson, prófessor. Þetta er mikið rit að vöxtum eða rúmar 550 blaðsíður. Reifar höfundur þar alla hæstaréttardóma íslensks fasteignakauparéttar frá árinu 1920 fram í maí 1995. Raunar er ekki eingöngu um að ræða dóma af sviði hins eiginlega fasteignakauparéttar, þ.e. sem lúta beinlínis og eingöngu að réttarsambandi kaupanda og seljanda, heldur hefur höfundur jafnframt tekið með nokkra dóma sem varða réttarsviðið í viðtækari merkingu og varða ágreining um forkaupsrétt, ágreining innan byggingarsamvinnufélaga og fleira.

Að formi til er sá háttur hafður á að dómar eru reifaðir í tímaröð, en ekki eftir efnisatriðum, svo sem tíðkaðist fremur við gerð eldri dómasafna. Er hver dómur þannig eingöngu reifaður einu sinni, en notkun safnsins þó mjög aðgengileg vegna ítarlegrar og yfirgrípamikillar atriðisorðaskrár. Er þar ekki eingöngu um að ræða atriðisorð af lagalegum toga heldur er um að ræða víðtækari skýrskotanir og munar þar mestu um byggingarfræðileg atriðisorð, sem auðveldla t.d. mjög leit að dómfordæmum sem varða mat á einstökum göllum.

Svo sem fyrr segir hefur sú meginbreyting orðið við gerð dómasafna í seinni tíð, að menn hafa í

auknum mæli horfið til þess forms sem hér er að finna, þ.e. að reifa dóma í tímaröð fremur en eftir efnisatriðum og er hver dómur þá einungis reifaður einu sinni. Hafa sumir lýst yfir söknuði eftir hinu eldra formi og talið það aðgengilegra og markvissara. Hvað sem slíkum vangaveltum liður, þá verður að telja að á sviði fasteignakauparéttar hefði slík efnisskipan verið nánast útilokuð vegna

umfangs. Kemur þar öðru fremur til sú staðreynd, að á þessu réttarsviði, ýmsum öðrum fremur, þarfnast hver úrlausn ítarlegra skýringa á forsendum eigi raunhæft mat á fordæmisgildi dómsúrlausnar að geta farið fram. Er þar raunar um að ræða helsta sérkenni þessa dómasafns, sem felst í mjög ítarlegum reifunum, raunar mun ítarlegri reifunum en þekkt hafa að jafnaði í eldri dómasöfnum. Bera þær vandvirkni og faglegum vinnubrögðum höfundar gott vitni, þó svo að í einhverjum tilvikum kunni reifanir að vera yfirgrípmeiri og ítarlegri en efnisstandi til. Slíkt hlýtur þó ávallt að vera matsatriði. Á heildina litið er það hinsvegar þannig að með hinum ítarlegu reifunum og nákvæmu atriðisorðaskrá verður í flestum tilvikum komist hjá frekara rýni í viðkomandi dóm.

Af „hraðsoðinni“ skoðun fæst ekki annað séð en að prófarkalestur og frágangur allur sé til fyrirmyndar, svo sem vænta mátti af hálfu þeirrar útgáfu sem hér á í hlut.

Full ástæða er til að óska höfundi til hamingju með velheppnað rit. Er ljóst að takist jafnvel til með gerð og útgáfu væntanlegs fræðiritis hans á sama réttarsviði þá hafa lögfræðingar eignast sannkallaða biblíu íslenska fasteignakauparéttarins.



Álitsgerðir og úrskurðir stjórnar L.M.F.Í.

Seta lögmannna í stjórnun fyrirtækja

Á undanförunum 12 mánuðum hefur stjórn L.M.F.Í. tvívegis fjallað um ágreiningsmál, þar sem m.a. var til skoðunar hvort eðlilegt gæti talist að lögmennt sætu í stjórnun fyrirtækja, sem þeir væru jafnframt lögmennt fyrir.

1. Í fyrra málinu var því m.a. haldið fram af hálfu kæranda að það væri brot á siðareglum L.M.F.Í. að lögmenntirnir L1 og L2 og sameigandi þeirra, L3, væru lögmennt fyrir aðila í deilumáli um eignaradild að hlutafélagi, þar sem L1 var stjórnarformaður og L2 varastjórnarmaður, en þessum störfum gegndu þeir sem lögmennt en ekki í skjóli eignaradildar að fyrirtækinu. Vísaði kærandi sérstaklega til þess að L1 hafði áður verið fulltrúi beggja málsaðila, sem nú deildu um eignarrétt að hlutafélaginu. Taldi kærandi að vanhæfi L1 „smitaðist“ til sameigenda hans á lögmannsstofunni. Krafðist kærandi þess að L1, L2 og L3 yrðu sektaðir eða áminntir fyrir brot á 11. gr. siðareglna L.M.F.Í. Auk þess gæti brot þeirra varðað við 3. og 8. gr. reglnanna. Yrði ekki talið að þessi ákvæði ættu við taldi kærandi samt sem áður að kærðu hefðu brotið gegn siðareglunum og vísaði til 41. gr. reglnanna í því sambandi.

Hinir kærðu lögmennt héldu því fram í greinargerð sinni að þau tilvik, sem kærandi byggði kröfur sínar á, þ.e. störf þeirra fyrir umbjóðanda þeirra, gerðu þá ekki óhæfa skv. siðareglum L.M.F.Í. til að reka mál fyrir umbjóðandann gegn kæranda. Töldu kærðu að tilgangurinn með 11. gr. siðareglanna væri sá að hindra að lögmaður starfaði á sama tíma að ósamrýmanlegum hagsmunum tveggja eða fleiri skjólstaðinga sinna. Það hefði hins vegar aldrei farið í bág

við siðareglurnar að lögmaður tæki að sér mál gegn fyrirverandi skjólstaðingi eftir að verki fyrir hann væri lokið. Kærandi væri ekki skjólstaðingur neins hinna kærðu. Kærðu væri því frjálst skv. siðareglunum að gæta hagsmuna umbjóðanda síns í málaferlum við kæranda. Ekki væri um brot að ræða gegn 11. gr. siðareglanna. Ekki hefði heldur verið brotið gegn 3. og 8. gr. siðareglanna. Hefði kærandi ekki fært fram nein rök fyrir getgátum sínum um meint brot gegn þessum ákvæðum.

Fleiri málsástæður og röksemdir voru færðar fram í máli þessu og verður ekki gerð sérstök grein fyrir þeim hér.

Í niðurstöðum stjórnar L.M.F.Í. var m.a. bent á að málaferli umbjóðanda kærðu gegn kæranda hefðu hafist rúmlega tveimur árum eftir að kærðu hættu störfum fyrir kæranda. Ekki yrði séð að kærðu hefðu tekið að sér verkefni sem væru ósamrýmanleg þeim verkefnum, sem unnið var að fyrir kæranda. Þótti kærandi ekki hafa fært fyrir því rök að kærðu hefðu brotið gegn 11. gr. siðareglna L.M.F.Í. Þá þótti kærandi ekki hafa sýnt fram á með hvaða hætti kærðu hefðu brotið gegn 8. gr. siðareglanna í störfum sínum.

Um meint brot gegn 3. gr. siðareglanna var fjallað sérstaklega. Bent var á að algengt væri, héraendis sem erlendis, að lögmennt veldust til setu í stjórnun fyrirtækja, sem þeir annars störfuðu fyrir sem lögmennt. Við slíkar aðstæður skapaðist óneitanlega sú hættu að lögmaðurinn, í ráðgjöf sinni fyrir fyrirtækið, fengi ekki litid með sömu óhlutdrægninni á málavexti vegna stjórnarstarfa hans og e.t.v. ákvarðanatöku sem slíkur, eins og væri ef hann sinnti eingöngu lögmannsstörfum fyrir fyrirtækið. Með öðrum orðum kynni að

skapast sú hættu að lögmaðurinn missti sjónar á sjálfstæði sínu sem lögmaður og yrði um of háður sjónarmiðum og hagsmunum fyrirtækisins, þannig að í bága gæti farið við ákvæði siðareglna L.M.F.Í., sbr. 2. mgr. 3. gr. þeirra. Út á við kynni einnig að reynast erfitt að greina á milli starfa viðkomandi sem lögmanns annars vegar og stjórnarmanns hins vegar. Stjórnarseta í fyrirtæki, samhliða lögmannsstörfum í þess þágu, leiddi þó ekki sjálfkrafa til þess að sú aðstaða skapaðist, sem að framan var lýst. Yrði að vega og meta hvert tilvik fyrir sig. Sá sem héldi því fram að stjórnarseta lögmanns í fyrirtæki drægi úr sjálfstæði hans yrði þannig að sýna fram á með fullgildum rökum hvernig slíkt hefði gerst. Að mati stjórnarinnar hafði kærandi ekki sýnt nægilega fram á að slíku væri til að dreifa í máli þessu.

Í lok úrskurðar stjórnar L.M.F.Í. var þess getið að kærðu hefðu gegnt umfangsmiklum störfum fyrir umbjóðanda sinn og einnig kæranda, ýmist sem stjórnarmenn eða lögmennt. Ætti þetta sérstaklega við um L1, sem gegnt hefði mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir báða aðila. Þetta hefði komið honum í óæskilega stöðu sem lögmanni og væri aðfinnsluvert. Stjórninni þótti þó ekki vera nægilegt tilefni til að beita L1 agaviðurlögum skv. ákvæðum siðareglna L.M.F.Í., sbr. 3. mgr. 8. gr. málflytjendalaganna. Voru hinir kærðu lögmennt sýknaðir af kröfum kæranda.

2. Í öðru máli, sem nýlega var fjallað um í stjórn L.M.F.Í., voru málavextir í stuttu máli þeir að fyrirtækið X var úrskurðað gjaldþrota. Eigendur þess stofnuðu nýtt fyrirtæki, Y, sem keypti lager og framleiðslurétt X á matsverði, tók yfir húsaleigusamning og leigði tæki og tól af X. Lögmaðurinn L sat í

stjórnnum beggja fyrirtækjanna. Hann var kærður til stjórnar L.M.F.Í. af einum lánardrottni X, sem taldi L hafa brotið „ákvæði Lögmannafélags Íslands þar sem kveðið er á um að sérhver lögmaður skuli gæta hlutleysis í störfum sínum“. Síðar var af hálfu kæranda tekið fram að kærán lyti að 2. og 3. gr. siðareglna L.M.F.Í.

Kærandi taldi L og eigendur fyrirtækjanna hafa framkvæmt einkaskipti á X með þeim hætti að flytja eignir og önnur réttindi úr því félagi en skilið eftir skuldirnar. Skiptin hefðu verið gerð án nokkurs samráðs við lánardrottina X og án þess að hagsmuna þeirra væri gætt á nokkurn hátt. Skipti af þessu tagi hefðu verið alltof algeng í viðskiptalífínu undanfarið og margir talið þau refsiverð. Kærandi taldi það vera ábyrgðarhluta þegar lögmaður tæki þátt í slíkum leik, án þess að gera lánardrottnum grein fyrir aðstæðum öllum, þ. á m. tengslum sínum við málið.

L vísaði kærinni á bug. Hann kvaðst hafa tekið sæti í stjórn X til að veita eigendum þess aðhald, að þeirra beiðni. Ekki hefði tekist að ná samningum við lánardrottina fyrirtækisins, sem átti í rekstrarerfiðleikum, og var X úrskurðað gjaldþrota. Eigendurnir hefðu þá stofna fyrirtækið Y og hefði L verið tímabundið stjórnarformaður hins nýja fyrirtækis, að beiðni eigenda. L kvaðst ekki hafa haft persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta af því hvort eldra fyrirtækið næði samningum við lánardrottina sína eður ei. L kvað það rangt að hann hefði leynt því að hann ætti sæti í stjórn X. Þá taldi L það vera misskilning kæranda að einkaskipti hefðu farið fram á X. Reksturinn hefði einfaldlega verið stöðvaður. Endurskoðunarfirma hefði verið fengið til að meta eignir X fyrir tilstilli L, í því skyni að tryggja að ekki yrði unnt að saka fyrirsvarsmenn X og Y um að skjóta undan eignum með ólög-mætum hætti.

Í álit stjórnar L.M.F.Í. var m.a. tekið fram að í siðareglum L.M.F.Í.

væru ekki ákvæði sem hindruðu að lögmenn sætu í stjórnnum fyrirtækja, sem þeir veittu lögmannaþjónustu. Sýna bæri þó íturstu varúð, þar sem þau tilvik gætu komið upp að lögmaður, sem staðið hefði að ákvörðun sem stjórnarmaður fyrirtækis, gæti þurft að veita stjórn fyrirtækisins óháða, lögfræðilega ráðgjöf um þá ákvörðun. Þannig gæti staða lögmansins sem stjórnarmanns annars vegar og utanaðkomandi lögfræðilegs ráðunauts hins vegar rekist á. Að mati stjórnarinnar var ekki sýnt fram á að L hefði í störfum sínum brotið gegn ákvæðum siðareglna L.M.F.Í., t.d. með þeim hætti að stjórnarstörf hans í þágu X og Y hefðu haft óeðlileg áhrif á stöðu hans sem lögmans fyrirtækjanna.

Hagsmunaárekstur í fasteignasölu

Í erindi til stjórnar L.M.F.Í. var kvartað yfir meintum hagsmunarárekstri vegna hagsmunagæslu lögmanna L1 og L2 við sölu íbúðar. Málavextir voru í stuttu máli þeir að L1 og L2 var falið að selja íbúð S, sem var í greiðsluferfiðleikum. Ásett verð var 9,5 milljónir króna. Ekki tókst að selja fasteignina frjálslri sölu og var krafist nauðungarsölu á henni. Þegar að sölu kom gætti L1 hagsmuna uppboðsbeiðanda (lífeyrissjóðs) og einnig hagsmuna annars veðhafa. L2 gætti hagsmuna Húsnæðisstofnunar við sölu. Buðu L1 og L2 í eignina fyrir lífeyrissjóðinn og Húsnæðisstofnun. L1 bauð hæst 5,8 milljónir króna og L2 6 milljónir króna. Eignin var seld á 6,8 milljónir króna.

Í erindi S var m.a. fundið að þeim vinnubrögðum L1 og L2 að taka eignina til sölu á fasteignasölu sinni en mæta síðan fyrir hönd veðhafa þegar eignin var seld nauðungarsölu.

L1 og L2 kváðust í greinargerð sinni aldrei hafa unnið lögmanna-störf fyrir S. Þó svo fasteign S hefði verið boðin til sölu á sölulista fasteignasölu þeirra þá væri fráleitt að telja að það eitt mætti verða til

þess að þeir teldust vanhæfir til þess að koma fram fyrir hönd annarra lögmanna eða stofnana við nauðungarsölu fasteignarinnar, enda hefðu þeir komið þar fram samkvæmt nákvæmum fyrirmælum þeirra, sem mætt var fyrir.

Í álit stjórnar L.M.F.Í. þótti ekki skipta máli hvort L1 og L2 hefðu sjálfir reynt að selja fasteignina eða einhver starfsmaður þeirra, enda bæru þeir persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á störfum starfsmanna. Með því að taka fasteignina á sölu hafi þeir tekist á hendur ákvæðnar skyldur gagnvart S. Var í því sambandi vísað til ákvæða 2. kafla laga nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu. Hafa yrði þó í huga í þessu sambandi að skyldur fasteignasala gagnvart kaupanda og seljanda fasteignar væru að sumu leyti takmarkaðri en skyldur lögmans gagnvart skjól-stæðingi sínum. Helgaðist það m.a. af hlutverki fasteignasala sem tilboðasafnara, sem gæta ætti, svo sem kostur væri, hagsmuna beggja aðila, kaupanda og seljanda. Meðan fasteignin hefði verið til sölu á fasteignasölu L1 og L2 hefðu þeir samhliða tekið að sér að gæta hagsmuna veðhafa í fasteigninni þegar hún var seld nauðungarsölu. Hefðu þeir boðið í eignina en ekki svo hátt að eignin væri slegin umbjóðendum þeirra. Ekki yrði séð af málsgögnum að L1 og L2 hefðu vanrækt skyldur sínar við S við tilraun til sölu fasteignarinnar á frjálsum markaði. Hins vegar yrði að telja að þeir hefðu verið í óheppilegri og óæskilegri aðstöðu sem lögmenn við hagsmunagæsluna fyrir veðhafana og þótti það aðfinnsluvert vegna þess trúnaðarsambands, sem ríkti milli þeirra og S. Ekki þótti þó tilefni til að beita sérstökum agaviðurlögum vegna þessa.

Ágreiningur um þóknun í máli, sem tekið er af lögmanni

S leitaði til stjórnar L.M.F.Í. og bað um álit um reikning lögmansins L, að fjárhæð kr. 250.868 þ.m.t.

virðisaukaskattur. L hafði unnið að innheimtu bóta frá tryggingafélagi vegna umferðarslyss, sem S hafði lent í. L hafði einnig veitt annars konar ráðgjöf vegna fyrirhugaðra jarðarkaupa S.

S leitaði upphaflega til L í janúar 1992 og gaf honum umboð til að annast bótauppgjörið fyrir sína hönd. Í lok árs 1995 óskaði S eftir því við L að hann hætti afskiptum af málinu þar sem S hafði fengið annan lögmenn til að annast verkið. Af því tilefni sendi L reikning til S. Reikningsfjárhæðin sundurliðaðist þannig að fyrir slysamálið áskildi L sér 162.500 krónur og fyrir yfirllestur gagna um jarðarkaupin 39.000 krónur, hvorutvegga að frátöldum virðisaukaskatti. L kvaðst að öllu jöfnu miða þóknun sína við uppgjör slysamála við hagsmunum málsins. Þar sem þetta mál hefði hins vegar verið tekið frá honum áður en því lauk taldi hann rétt að miða þóknun sína við skráðan tíma, sem í verkið fór. Samtals voru skráðar 25 klst. á slysamálið. S taldi reikningsfjárhæðina óheyrilega háa fyrir það litla, sem hann taldi L hafa gert fyrir sig, og gagnrýndi hann einstaka færslur í tímaskrá L. Í málinu voru lögð fram þau gögn, sem aflað hafði verið, svo og tímaskrá L.

Í álit stjórnar L.M.F.Í. var þess getið að á þeim tíma, þegar afskipti L af slysamálinu hófust, hefði verið í gildi gjaldskrá L.M.F.Í. Samkvæmt þeirri gjaldskrá skyldi þóknun lögmanna fyrir hagsmunagæslu við uppgjör slysbóta reiknast skv. innheimtutaxta gjaldskrárinnar, að viðbættu 30% álagi ef gagnaöflun var samfara málinu. Stjórnin taldi að að öllu jöfnu hefði átt að miða þóknun L við þá fjárhagslegu hagsmunum, sem í húfi voru í málinu. Uppgjör þess hefði hins vegar verið svo skammt á veg komið að ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um ætlað tjón sóknaraðila vegna örorku hans. Af þeim sökum væri ógerningur að reikna þóknun L út frá hagsmunum málsins. Þess í stað yrði að meta hver væri hæfileg þóknun út frá þeim

gögnum og upplýsingum, sem fyrir lægju í málinu.

Þegar lítið var til gagna málsins og þau borin saman við tímaskýrslu L taldi stjórn L.M.F.Í. ekki hjá því komist að draga í efa að nauðsynlegt hefði verið að verja 25 klst. í málið, eins það leit þá út. Þriðjungur af tímafjöldanum væru símtöl, sem stundum væru skráð sem hálf tímagjald skv. gjaldskrá L og stundum lengur. Gagnaöflun hefði hvergi nærri verið lokið. Þannig ætti eftir að afla skattframtala, örorkumats, útreiknings á tjóni sóknaraðila, eftir væri að móta kröfugerðina og semja við tryggingafélagið, taka við greiðslu og gera upp við sóknaraðila. Í stuttu máli mætti segja að málið væri allnærri byrjunarreit fyrir þann lögmenn, sem við því tæki. Varð ekki séð að nauðsyn hefði verið á öllum þeim tíma, sem skráður var. Stjórnin gat fallist á að L ætti rétt á

þóknun fyrir störf sín en við mat á hæfilegri þóknun væri tekið mið af því sem gert var, eðli málsins og hver staða þess var, þegar L hætti afskiptum af því. Stjórnin gerði ekki athugasemdir við áskilið tímagjald L, kr. 6.500, auk virðisaukaskatts. Að mati stjórnarinnar var hæfileg þóknun L talin vera 40.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Þá fjallaði stjórnin um áskilda þóknun L vegna yfirllesturs gagna um jarðarkaup, kr. 39.000 auk virðisaukaskatts. S hafði sent L nokkur gögn til yfirlstrar og beðið um skriflegt álit á nokkrum atriðum er vörðuðu kaup á tiltekinni jörð. L veitti munnlegt álit í símtali við S. Engin gagnaöflun fór fram né skriflegt álit veitt. Taldi stjórn L.M.F.Í., með hliðsjón af framlögðum gögnum um jarðakaupin, hæfilega þóknun L vera kr. 15.000 auk virðisaukaskatts.



Upphaf lagaritunar á Íslandi - minnisvarði

Árið 1974 lét Lögmannafélag Íslands, að frumkvæði Páls S. Pálssonar, hrl., reisa minnisvarða við Breiðabólstað í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu til að minnast upphafs lagaritunar á Íslandi veturinn 1117-1118. Merkið er rétt við veginn og til móts við afleggjarann upp að bænum. Ekið er út af þjóðvegi nr. 1 rétt norðan við Víðihlíð og sem leið liggur að Breiðabólstað á Vatnsnesi.

Peningamarkaðsreikningur
sparisjóðanna

Hávaxtareikningur

nýjung í ávöxtun fjár fyrir fyrirtæki og einstaklinga



PENINGAMARKAÐSREIKNINGUR
SPARISJÓÐSINS

Háir vextir peningamarkaðar

Öryggi og sveigjanleiki sparireiknings

Hagkvæm lausafjárávöxtun



afburða ávöxtun

10 daga binditími

engin þjónustugjöld

öryggi



SPARISJÓÐUR
REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS